

227. fundur stjórnar Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar,

laugardaginn, 19. janúar 2019. í Hofi

Mættir:

Stjórnarmenn: Dagbjört Pálsdóttir formaður, Ásgeir Örn Blöndal, Þröstur Friðfinnsson, Katrín Sigurjónsdóttir og Unnar Jónsson.

Sigmundur Einar Ófeigsson framkvæmdastjóri ritaði fundargeð.

Formaður setti fundinn kl. 15.00 og bauð stjórnarmenn velkomna.

1. Sameining atvinnuþróunarfélaganna og Eyþings

Eitt málefni var á dagskrá: Ræða á hvaða nótum stjórn AFE leggi fram hugmyndir sínar um samrekstur eða sameiningu atvinnuþróunarfélaganna og Eyþings, þ.e. AFE, AP og Eyþing. En fyrirhugaður er fundur stjórnar AFE með vinnuhóp um hugsanlega sameiningu.

Allir fundarmenn voru sammála um mikilvægi þess að sameina þessi félög og stækka þar með og efla, því sameinuð rekstrareining verður mun öflugri.

Fram kom að hugmyndir hafa verið uppi um að sameina Eim, (einn starfsmaður), inn í atvinnuþróunarfélögin.

Sýn allra var í þessa veru en það komu fram sjónarmið um að hugsanlega yrði afar erfitt að gera þetta nema í áföngum, fyrst með samþættingu rekstrar og samvinnu með það að lokamarkmiði að sameina.

Tillaga kom fram að teikna upp lokamarkmið og stefna að því að tala í þá veru.

Fundi slitið kl. 16:00

Dagbjört Pálsdóttir
Katrín Sigurjónsdóttir
Unnar Jónsson
Ásgeir Örn Blöndal
Sigmundur Einar Ófeigsson